



# Fjölbrautaskóli Suðurlands

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

# Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	3
2	Niðurstöður og ábendingar .....	4
3	Viðbrögð við athugasemdum .....	5
4	Fjárveitingar og rekstur .....	6
4.1	Fjárveitingar .....	6
4.2	Rekstraráætlun.....	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Innra eftirlit.....	7
5.1	Inngangur .....	7
5.2	Bókhalds- og launavinnsla.....	7
5.3	Aðgreining starfa.....	7
5.4	Niðurstaða.....	7
6	Fylgni við lög og reglur.....	8
6.1	Inngangur .....	8
6.1.1	Ferðakostnaður.....	8
6.1.2	Gjafir, risna og styrkir.....	8
6.1.3	Kaup á þjónustu .....	8
6.2	Niðurstaða.....	8
7	Endurskoðun rekstrarliða .....	9
7.1	Rekstrartekjur .....	9
7.2	Launakostnaður .....	9
7.3	Annar kostnaður .....	9
7.4	Niðurstaða.....	9
8	Endurskoðun efnahagsliða .....	10
8.1	Eignir .....	10
8.1.1	Tæki og búnaður .....	10
8.1.2	Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindingar .....	10
8.1.3	Aðrar kröfur .....	11
8.1.4	Handbært fé.....	11
8.1.5	Höfuðstóll .....	11
8.1.6	Ógreidd laun, launaleiðrétting.....	11
8.1.7	Frestaðar tekjur .....	11
8.2	Niðurstaða.....	11
9	Önnur atriði .....	12
9.1	Staðfestingarbréf stjórnenda .....	12
9.2	Lögfræðibréf .....	12
9.3	Óhæðisyfirlýsing.....	12
9.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....	12

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands fyrir árið 2017.

Endurskoðunin byggir á bókhaldi Fjölbrautaskóla Suðurlands og þeim niðurstöðum sem liggja fyrir við skoðun fyrir árið 2017. Endurskoðunin beindist að þessu sinni að því að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að vegna tafa við innleiðingu á lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál og þar með gerð stofnefnahagsreikninga var ekki lokið við gerð ársreiknings Fjölbrautaskóla Suðurlands þegar endurskoðun fór fram. Því tekur endurskoðunin mið af því að ekki er fyrirbyggjandi endanlegur ársreikningur. Stjórnendur skólans, sem eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila stofnunarinnar og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna, telja reikningsskilum lokið af sinni hálfu.

Ársreikningur Fjölbrautaskóla Suðurlands var síðast endurskoðaður 2015.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands fyrir árið 2017 var í meginatriðum án athugasemda. Eftirfarandi eru helstu niðurstöður:

### 1. Fjárveitingar og rekstur

Rekstur var innan fjárveitinga árið 2017. Rekstraráætlanir voru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins.

### 2. Innra eftirlit

Greining og mat á innra eftirliti leiddi í ljós að ýmsir verkferlar sem stuðla að innra eftirliti bókhalds, fjármála og tölvumála eru fyrir hendi. Formlegir verkferlar liggja þó ekki fyrir útgefnir af skólanum og mælst er til þess að bætt verði úr því. Aðgreina þarf skráningu reikninga í kerfið og greiðslu þeirra í öllum tilvikum, þannig að tryggt verði að þessir tveir þættir séu ekki á sömu hendi.

### 3. Fylgni við lög og reglur

Bent er á að það skortir á útfyllingu eyðublaða um ferðaheimild og ferðareikninga fyrir uppgjör ferðakostnaðar.

### 4. Rekstrarliðir

Vinnustund eða annað tímaskráningarkerfi er ekki notað við skólann. Bent er á að æskilegt er að sem flestar stofnanir noti slík kerfi, sem hafa reynst vel. Vinnustund býður upp á ýmsa möguleika til vinnusparnaðar við launaskráningu auk utanumhalds um fjarvistarréttindi og viðveru.

### 5. Efnahagsliðir

Bent er á að alla bankareikninga á kennitölu Fjölbrautaskóla Suðurlands ber að skrá í bókhald skólans. Þegar um er að ræða vörslufé eru bankareikningar skráðir sem vörslufé.

## 3 Viðbrögð við athugasemdum

Viðbrögð Fjölbautaskóla Suðurlands við þeim athugasemdum sem fram koma í endurskoðunarbréfi þessu eru eftirfarandi:

### 1. Innra eftirlit

Unnið er að því að gera þá verkferla sem eru í notkun, og tengjast þessum atriðum, formlegri.

### 2. Rekstrarliðir

Stjórnendur skólans hafa áður lýst yfir áhuga á að taka Vinnustund í notkun en beðið er eftir aðstoð frá Fjársýslu ríkisins.

### 3. Efnahagsliðir

Nú þegar hefur verið brugðist við ábendingum sem hér eru nefndar að hluta og verður þeirri vinnu haldið áfram. Þá hefur einnig verið unnið að því að fækka bankareikningum á kennitölu Fjölbautaskóla Suðurlands.

## 4 Fjárveitingar og rekstur

### 4.1 Fjárveitingar

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál (LOF) eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs en fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Fjölbrautaskóla Suðurlands í byrjun árs nam 1.213,4 m.kr. Viðbótarfjárveitingar á árinu voru launabætur 2,8 m.kr., millifærslur af endurmenntunarlið vegna námsleyfa 7,1 m.kr. og framlag til afskrifta 7,1 m.kr. Til lækkunar kom breyting vegna fjárfestingarframlags 20,6 m.kr. Endanlegar fjárveitingar til Fjölbrautaskóla Suðurlands urðu því 1.209,8 m.kr. Gjöld að frádregnum sértekjum námu 1.103,9 m.kr. og urðu því 105,9 m.kr. lægri en fjárveitingar ársins.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017 og rekstri árið 2016:

Í þús. kr.	Fjárveiting 2017	Rekstur 2017	Frávik 2017	Rekstur 2016
Rekstrartekjur	-103.700	-77.156	-26.544	-99.447
Launagjöld	1.068.512	968.374	100.138	929.303
Önnur rekstrargjöld	235.100	205.540	29.560	207.357
Eignir, fyrning	9.936	7.106	2.830	6.789
<b>Samtals</b>	<b>1.209.848</b>	<b>1.103.864</b>	<b>105.984</b>	<b>1.044.002</b>

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar. Meðtalið í afskriftum ársins eru jafnframt afskriftir eldri eigna sem höfðu verið gjaldfærðar.

### 4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til áætlanagerðar og að rekstraráætlun sé skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Rekstraráætlun Fjölbrautaskóla Suðurlands var skráð í fjárhagskerfið fyrir árið 2017 og var áætlun í samræmi við fjárveitingar.

### 4.3 Niðurstaða

Rekstur árið 2017 var innan fjárheimilda. Rekstraráætlanir voru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins.

## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Skólameistari Fjölbrotaskóla Suðurlands ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 5.2 Bókhalds- og launavinnsla

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað fyrir fjármál og bókhald. Tekjubókhaldskerfi ríkisins er notað fyrir innheimtu á innritunargjöldum og efnisgjöldum. Bókhald er fært hjá skólanum en rafrænir reikningar eru skráðir hjá Fjársýslu ríkisins. Launafærslur eru sendar til Fjársýslu ríkisins sem sér um að greiða út laun og launatengd gjöld ásamt staðgreiðslu. Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi fjárhagsbókhaldsins. Þær verklagsreglur sem eru skjalfestar fyrir bókhalds- og launavinnslu varða annars vegar móttöku og frágang reikninga, hins vegar eru skráðir þeir þættir í launavinnslu sem varða yfirvinnu og nýráðningar starfsmanna. Aðrir ferlar eru ekki skráðir.

### 5.3 Aðgreining starfa

Samkvæmt upplýsingum frá skólanum samþykkja skólameistari eða aðstoðarskólameistari alla reikninga og innkaupakort með áritun sinni. Aðgreining starfa við bókhald og greiðslur er tryggð með því að annars vegar sjá fjármálastjóri og skólafulltrúi um greiðslur, hins vegar sinnir starfsmaður í hlutastarfi bókhaldsskráningu. Þrátt fyrir þetta kemur það fram í skráðum verklagsreglum fyrir móttöku og frágang reikninga í Fjölbrotaskóla Suðurlands að reikningar sem samþykkir hafa verið af skólameistara séu að því loknu skráðir inn í kerfið af fjármálastjóra sem greiðir þá um leið. Það telst veikleiki í innra eftirliti þegar bókun reikninga og greiðsla þeirra er á sömu hendi.

### 5.4 Niðurstaða

Æskilegt er að skjalfesta innra eftirlit varðandi bókhalds- og launamál með formlegri hætti þannig að viðkomandi ferlar séu skráðir frá upphafi til enda ásamt viðeigandi verklagsreglum.

Aðgreina þarf skráningu reikninga í fjárhagskerfið og greiðslu þeirra í öllum tilvikum, þannig að þessir tveir verkþættir séu ekki á sömu hendi.

## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er skoðað hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við lög og reglur varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárveitingar og rekstraráætlun er fjallað í kafla 4. Eftirfarandi liðir voru auk þess teknir til skoðunar vegna ársins 2017:

#### 6.1.1 Ferðakostnaður

Eyðublöð Fjárslu ríkisins varðandi ferðaheimildir eru ekki fyllt út og ekki heldur eyðublöð um uppgjör ferðakostnaðar. Gert er munnlegt samkomulag um greiðslu dagpeninga, t.d. um ákveðna fjárhæð á dag, til að standa undir uppihaldi í ferðinni. Í öðrum tilfellum er greiddur útlagður kostnaður.

#### 6.1.2 Gjafir, risna og styrkir

Það sem er fært á liðinn gjafir á árinu eru bækur til jólagjafa. Styrkur til starfsmannafélagsins er ranglega færður sem risna. Með risnu er átt við kostnað sem stofnun eða embætti efnir til í þeim tilgangi að sýna þeim er risunnar nýtur, gestrisni, þakklæti eða viðurkenningu. Fullnægjandi tilefni skal ávallt vera til þess að risna sé veitt, sem og fjárheimild og skrifleg heimild yfirmanns stofnunar eða hlutaðeigandi ráðuneytis.

#### 6.1.3 Kaup á þjónustu

Þjónustukaup skólans voru skoðuð og virðast þau eðlileg með tilliti til starfsemi hans. Gerðir hafa verið samningar um kaup m.a. á rafmagni, tölvubúnaði og húsgögnum í samvinnu við Ríkiskaup.

### 6.2 Niðurstaða

Bent er á að það skortir á útfyllingu eyðublaða um ferðaheimild og ferðareikninga fyrir uppgjör ferðakostnaðar.



## 7 Endurskoðun rekstrarliða

### 7.1 Rekstrartekjur

Heildartekjur Fjölbautaskóla Suðurlands námu 77,2 m.kr. Þar af voru leigutekjur 27,9 m.kr. og tekjur af seldu kennslufni og innritunargjöldum samtals 23,7 m.kr. Aðrar tekjur voru 17,7 m.kr. og eru stærsti liðurinn tekjur af mötuneyti. Fengnir styrkir námu 7,9 m.kr., þ.m.t. 2,6 m.kr. styrkur til að mæta brottfalli, 0,8 m.kr. til hestabrautar og 0,3 m.kr. styrkur vegna verknámshúss. Auk þess fengust styrkir frá Rannís m.a. Erasmus-styrkur og Nordplus. Endurgreiða þurfti hluta Erasmus-styrks eða 0,6 m.kr. árið 2018 og eru tekjur ársins 2017 því oftaldar um þá fjárhæð. Endurskoðun var gerð með greiningum, fyrirspurnum og athugunum á samningum án athugasemda.

### 7.2 Launakostnaður

Launagjöld námu 968,4 m.kr. Endurskoðun fór m.a. fram með skoðun á innra eftirliti, greiningarvinnu, skoðun launahreyfinga í launalista og úrtaksskoðun. Valið var úrtak starfsmanna þar sem launagreiðslur voru bornar saman við ráðningarsamninga og heimildir til launaflokkabreytinga sannreyndar auk fleiri atriða m.a. upphafs- og starfslokagögn og gögn vegna greiddrar yfirvinnu.

Yfirvinna er þrenns konar við skólann; stundarskrárbundin, tilfallandi og föst. Sú fyrstnefnda er í samræmi við stundarskrár sem áfangastjóri vinnur í samstarfi við aðstoðarskólalastjóra og skólalastjóra, tilfallandi yfirvinna er skráð á þar til gerð blöð sem samþykkt eru af skólameistara eða aðstoðarskólameistara og föst yfirvinna er venjulega ákvörðuð við ráðningu starfsmanns.

Vinnustund eða annað tímaskráningarkerfi er ekki notað við skólann. Ekki er um viðveruskráningu kennara að ræða en fylgst er með fjarvistum í gegnum Innu. Bent er á að það hefur reynst vel að nota Vinnustund til hagræðingar við skráningu á viðveru, orlofi og öðrum fjarvistum og skil á upplýsingum til launakerfis. Einnig þarf að hafa í huga að þó svo að kennarar hafi fasta viðveru á fyrirfram ákveðnum tímum eru fleiri starfsmenn en kennarar við skólann.

### 7.3 Annar kostnaður

Endurskoðun annarra rekstrargjalda fór m.a. fram með athugun á innra eftirliti, frávikagreiningu á milli ára, skoðun bókhaldshreyfinga og lotun annars vegar um áramótin 2016-2017, hins vegar um áramótin 2017-2018 og fyrirspurnum í framhaldi af greiningum. Þá var úrtak fylgiskjala til skoðunar valið samhliða því að færslulisti var yfirfarinn fyrir árið í heild.

### 7.4 Niðurstaða

Ekki komu fram athugasemdir í endurskoðun rekstrarliða, en bent er á nauðsyn þess að tekið verði upp tímaskráningarkerfi við skólann fyrir alla starfsmenn sem fá laun hjá skólanum.

## 8 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt stöðu bókhalds í árslok 2017, þegar endurskoðun fór fram í október 2018, námu eignir Fjölbrautaskóla Suðurlands 277,0 m.kr., skuldir námu 97,7 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 179,3 m.kr.

Í þús.kr.	2017	1.1.2017	Breyting
<b>Eignir:</b>			
Tæki og búnaður	39.345	25.881	13.464
Vörslufé	350	344	5
Ríkissjóður v. orlofsskuldbindingar	51.558	51.558	0
Aðrar kröfur	18.935	18.035	900
Ríkissjóður, viðskiptareikningur	140.261	51.249	89.012
Handbært fé	26.571	22.054	4.518
<b>Eignir alls</b>	<b>277.020</b>	<b>169.121</b>	<b>107.899</b>
<b>Eigið fé og skuldir:</b>			
Höfuðstóll	179.341	73.357	105.984
Viðskiptaskuldir	15.389	17.981	-2.592
Ógreitt orlof	40.661	51.558	-10.897
Ógreidd laun, launaleiðrétting	1.935	0	1.935
Vörslufé	350	344	5
Frestaðar tekjur	39.345	25.881	13.464
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>277.020</b>	<b>169.121</b>	<b>107.899</b>

### 8.1 Eignir

#### 8.1.1 Tæki og búnaður

Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Elstu skráðar eignir eru frá árinu 2007 og afskriftarhlutfall er 10-33%. Ríkisendurskoðun hefur ekki staðfest tilvist eigna samkvæmt yfirliti en skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands samþykkti yfirlitið með áritun á stofnefnahagsreikning pr. 01.01.2017.

#### 8.1.2 Ríkissjóður vegna orlofsskuldbindingar

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga í stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017 er gerð samkvæmt fyrirmælum frá Fjársýslu ríkisins. Ríkisendurskoðun bendir á að á þessu stigi er ekki ljóst hvernig verður staðið að fjárveitingu til Fjölbrautaskóla Suðurlands til greiðslu á þessari kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi eignfærslu. Orlofsskuldbinding er yfirfarin af Fjársýslu ríkisins.

### 8.1.3 Aðrar kröfur

Aðrar kröfur eru inneign á virðisaukaskatti alls 0,8 m.kr. sem fékkst endurgreidd í mars 2018. Einnig er færð inneign hjá sveitarfélögum alls 18,1 m.kr. en um er að ræða kröfu á Sveitarfélagið Árborg vegna útleigu á húsnæði.

### 8.1.4 Handbært fé

Handbært fé nam 26,6 m.kr. og fólst eingöngu í innstæðum á bankareikningum. Beðið var um staðfestingu banka á stöðum á bankareikningum í árslok. Við það komu fram bankareikningar á kennitölu Fjölbrautaskóla Suðurlands sem höfðu ekkert með rekstur skólans að gera. Gerð er athugasemd við það að bankareikningar á kennitölu skólans séu ekki skráðir í bókhald skólans. Ef um er að ræða vörslufé á að færa þá reikninga sem vörslureikninga í bókhaldi skólans. Alls eru fimm bankareikningar á kennitölu skólans sem eru taldir vera fjárfestingareikningar og eru þeir gerðir upp af öðrum. Gerð er athugasemd við það að bankareikningar á kennitölu skólans séu ekki skráðir í bókhald skólans.

### 8.1.5 Höfuðstóll

Í árslok 2017 var eigið fé jákvætt um 179,3 m.kr. Staðan hefur batnað frá fyrra ári um tæplega 106,0 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2017.

### 8.1.6 Ógreidd laun, launaleiðrétting

Skuld við starfsmenn vegna launa stafar eingöngu af leiðréttingu vegna afturvirkra kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2018. Leiðrétting vegna ársins 2017 var í flestum samningum frá 1. september 2017 til ársloka og var gjaldfærð árið 2017 og greidd út þann 1. mars 2018.

### 8.1.7 Frestaðar tekjur

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda er nýr skuldaliður í framhaldi af þeirri breytingu, samkvæmt lögum um opinber fjármál, að gjaldfæra eigi einungis afskriftir af búnaði og var það gert árið 2017. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og stærri eignum eins og bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frá og með 2017 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignunum. Fjárheimildir til kaupanna eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikning að frádregnum þeim fjárheimildum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Þessi liður hækkar um 13,5 m.kr. frá stofnefnahagsreikningi þann 1. janúar 2017 eða sem nemur kaupum á nýjum búnaði upp á 20,6 m.kr. að frádregnum 7,1 m.kr. afskriftum.

## 8.2 Niðurstaða

Gerð er athugasemd við það að bankareikningar á kennitölu Fjölbrautaskóla Suðurlands séu ekki allir skráðir í bókhald skólans.

## 9 Önnur atriði

### 9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands 31. ágúst 2018.

### 9.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi skólans árið 2017 og samkvæmt upplýsingum skólameistara, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

### 9.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands.

### 9.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands var undirrituð af ríkisendurskoðanda og skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands 29. janúar 2018.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Fjölbrautaskóla Suðurlands.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)